

**Festa -
miðstöð um sjálfbærni**

Ársreikningur 2025

Aðalfundur haldinn 26. maí 2026

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7-8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10-11

Skýrsla stjórnar

Festa - miðstöð um sjálfbærni (Festa), var stofnuð árið 2011 af sex fyrirtækjum, Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Rio Tinto Alcan, Símanum og Össuri. Í upphafi árs 2025 voru aðildarfélög Festu 194 talsins en voru 190 í lok árs.

Festa er almennt félag og er stjórn félagsins kosin á aðalfundi ár hvert. Tilgangur félagsins er að auka þekkingu á sjálfbærni í rekstri og hverskyns skipulagsheilda, og efla getu fyrirtækja til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti.

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2025 námu kr. 79,5 millj. en voru kr. 73,3 millj. árið 2024 og hafa hækkað um 8,5% á milli ára. Tap ársins nam kr. 10,1 millj. í samanburði við kr. 6,2 millj. tap árið 2024. Heildareignir námu í árslok kr. 38,8 millj. og eigið fé var jákvætt um kr. 27,6 millj.

Kostnaður ársins eykst vegna launakostnaðar þar sem stöðugildi voru í fjögur allt árið. Sjá upplýsingar um stöðugildi í skýringu nr. 3.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu móti á árinu 2026 og hann var á árinu 2025.

Ráðstöfun á afkomu

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á afkomu ársins.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Festu og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2026.

Stjórn:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður
Bjarni Már Gylfason
Rakel Eva Sævarsdóttir
Anton Birkir Sigfússon
Reynir Smári Atlason
Hlédís Sigurðardóttir
María Rúnarsdóttir
Bryndís Rut Ásgeirsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Elva Rakel Jónsdóttir

Rafrænt undirritað

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og haghafa Festu - miðstöðvar um sjálfbærni

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Festu - miðstöðvar um sjálfbærni fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Festu - miðstöðvar um sjálfbærni í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Festu - miðstöðvar um sjálfbærni. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29. apríl 2026

Gæðaendurskoðun slf.

Rafrænt undirritað

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi



Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		67.495.985	67.055.830
Viðburðartekjur		6.469.400	6.206.776
Styrkir (v. viðburða og verkefna)		500.000	0
Styrkur frá ráðuneyti vegna sérverkefna	6	5.000.000	0
		<u>79.465.385</u>	<u>73.262.606</u>
Rekstrargjöld			
Viðburðarkostnaður		9.093.365	9.147.120
Kostnaður vegna sérverkefnis	6	2.498.597	0
Laun og launatengd gjöld	3	69.563.480	62.957.244
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		5.782.638	8.107.380
Annar rekstrarkostnaður		4.918.913	3.624.772
		<u>91.856.993</u>	<u>83.836.516</u>
Rekstrartap		(12.391.608)	(10.573.910)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		2.540.413	4.592.636
Vaxtagjöld		(243.495)	(171.617)
		<u>2.296.918</u>	<u>4.421.019</u>
Afkoma ársins		<u>(10.094.690)</u>	<u>(6.152.891)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Veltufjármunir			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavini		0	594.135
Lausafjár safn		0	14.561.573
Handbært fé		38.827.074	31.486.249
		<u>38.827.074</u>	<u>46.641.957</u>
Eignir samtals		<u>38.827.074</u>	<u>46.641.957</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	4		
Óráðstafað eigið fé		27.627.870	37.722.560
		<u>27.627.870</u>	<u>37.722.560</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	5	602.135	596.597
Aðrar skammtímaskuldir		10.597.069	8.322.800
		<u>11.199.204</u>	<u>8.919.397</u>
Skuldir samtals		<u>11.199.204</u>	<u>8.919.397</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>38.827.074</u>	<u>46.641.957</u>

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(10.094.690)	(6.152.891)
Ávöxtun lausafjár safns		(481.524)	(1.222.214)
		<u>(10.576.214)</u>	<u>(7.375.105)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		594.135	(505.302)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.279.807	(1.946.417)
		<u>2.873.942</u>	<u>(2.451.719)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		(7.702.272)	(9.826.824)
Fjárfestingahreyfingar			
Selt lausafjár safn		15.043.097	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		7.340.825	(9.826.824)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>31.486.249</u>	<u>41.313.073</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>38.827.074</u>	<u>31.486.249</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		(243.495)	(171.617)
Innborgaðar vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur		2.540.413	3.370.422

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Festa - miðstöð um sjálfbærni, til heimilis að Menntavegi 1, 102 Reykjavík eru félagasamtök og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Starfsemi félagsins felst í að auka þekkingu á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og félagsgjöldum. Tekjur fyrir styrki og félagsgjöld eru færðar þegar þær falla til.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	54.739.746	48.859.960
Tryggingagjald	4.066.484	3.631.897
Lífeyrisiðgjöld	7.383.680	6.571.381
Dagpeningar	964.980	449.163
Áfallið orlof, breyting	1.213.054	2.636.785
Sjúkra- og orlofssjóður	1.195.536	808.058
	<u>69.563.480</u>	<u>62.957.244</u>
Stöðugildi að meðaltali	4,0	4,0

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Eigið fé í ársbyrjun	37.722.560	37.722.560
Afkoma ársins	(10.094.690)	(10.094.690)
Eigið fé í lok ársins	<u>27.627.870</u>	<u>27.627.870</u>

5. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Almennir lánardrotnar	354.824	47.927
Kreditkort	247.311	278.635
Ofgreitt frá aðildarfélagi	0	270.035
	<u>602.135</u>	<u>596.597</u>

6. Styrkur frá ráðuneyti

	2025
Veittur styrkur	5.000.000
Bein útlagður kostnaður, annar en launakostnaður	(2.498.597)
Styrkur nýttur á móti launakostnaði	(2.501.403)